

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2011

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2011. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 26 naut í árgangi 2011. Tíu naut áttu syni í þessum árgangi. Flói 02029 og Ás 02048 áttu fjóra hvor, Glæðir 02001, Ófeigur 02016, Síríus 02032, Gyllir 03007 og Ári 04043 þrjá hver og Lykill 02003, Tópas 03027 og Stássi 04024 áttu hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileik í flestum eiginleikum en þó verða mjólkurlagni og mjaltir að teljast koma vel út í heildina en efnahlutföll síður. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Kunningi 11002 frá Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum.

F: Flói 02029, m: Gata 377, mf: Stígur 97010

Dætur Kunningja eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein en eilítið þröng. Júgurgerð er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á júgurfestu, júgurband nokkuð áberandi og júgrin eru tæpast nógu vel borin. Spenar eru vel gerðir og sérlega vel settir. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi, lítið um galla í mjöltum. Um tveir þriðju hlutar afkvæma Kunningja eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir en allir litir nema gráir koma fyrir. Ekki er þekkt að Kunningi gefi hyrnd afkvæmi.

Kunningi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Súgandi 11004 frá Botni í Súgandafirði.

F: Glæðir 02001, m: Þrílit 234, mf: Teinn 97001

Afurðageta dætra Súganda er undir meðallagi, fituhlutfall í mjólk er lágt og próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar kýr, ekki boldjúpar og frekar útlögulitlar en með sterka yfirlínu. Þær eru í góðu meðallagi háfættar. Malir eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er heldur nán. Júgurgerð þessara kúa er fremur slök, júgurfesta undir meðallagi, júgurband ekki mjög greinilegt og júgurkýr allnokkur. Spenar eru eilítið langir, meðalþykkir og of gleitt settir. Dætur Súganda eru tæplega meðalkýr í mjöltum en ekki ber mikið á mjaltagöllum. Skapið er um meðallag en þær koma illa út í gæðaröð. Ríflega helmingur afkvæma Súganda eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir en allir nema gráir koma fyrir. Ekki er þekkt að Súgandi gefi hyrnd afkvæmi.

Súgandi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Gýmir 11007 frá Berustöðum í Ásahreppi.

F: Ás 02048, m: Flekka 378, mf: Stöðull 05001

Dætur Gýmis eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru ofan meðallags. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru fremur litlar og yfirlína veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð hallandi en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er góð, júgurfesta meðalmikil og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir

og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er mjög gott. Meirihluti afkvæma Gýmis eru tvílit og er huppóttur algengastur tvííta. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir en allir litir nema gráir koma fyrir. Undan Gými geta komið hyrndir gripir.

Gýmir verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Hattur 11008 frá Hundastpa í Borgarbyggð.

F: Ás 02048, m: Blökk 272, mf: Fróði 96028

Dætur Hatts eru í meðallagi mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru góð. Kýrnar eru fremur stórar og háfættar, fremur boldjúpar og útlögugóðar. Yfirlína er veik. Malir eru vel gerðar, breiðar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaðan er bein og sterkleg, ágætlega gleið. Júgurgerð er vart nógu góð þar sem skortir á festu, júgurband er ógreinilegt og dýptin of mikil. Spenar eru fremur langir og þykkir en ágætlega settir. Mjaltir eru meðalgóðar en aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara gripa er frremur stirt, nokkuð um skapgalla og niðurstaða gæðaröðunar er Hatti óhagstæð. Níu af hverjum tíu afkvæmum Hattar eru tvílit og er húfóttur litur algengastur. Af grunnlitum ber mest á rauðum og kolóttum litum en allir litir koma fyrir. Ekki er þekkt að Hattur gefi hyrnd afkvæmi.

Hattur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Afli 11010 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Glæðir 02001, m: Auðlind 593, mf: Spotti 01028

Dætur Afla er ákaflega mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru lág og þá sérstaklega fituhlutfall. Þetta eru meðalstórar kýr og fremur háfættar, boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi og yfirlínan veik. Malirnar eru grannar en vel gerðar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaðan er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerð er slök þar sem verulega skortir á festu þó júgurband sé vel greinilegt. Þá er júgurdýpt of mikil. Spenar eru hæfilega langir, nokkuð grannir og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi en mjaltagallar ekki áberandi. Skapið er gott og þessar kýr koma prýðilega út í gæðaröðun. Um tveir þriðju hlutar afkvæmanna eru tvílit þar sem huppóttur og skjöldóttur koma oftast fyrir en af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Afla geta komið hyrndir gripir.

Afli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Stólpi 11011 frá Litla-Ármóti í Flóa.

F: Lykill 02003, m: Styttta 606, mf: Stíll 04041

Dætur Stólpa eru mjólkurlagnar kýr með próteinhlutfall í mjólk meðallagi en fituhlutfall undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterkleg en nokkuð þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin mjög vel borin en júgurband lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum þó fyrir komi seinar kýr í mjöltum. Skapið er mjög gott hjá þessum kúm. Mikill meirihluti afkvæma Stólpa eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum ber mest á kolóttum litum þó rauðir og bröndóttir séu einnig áberandi og allir nema gráir komi fyrir. Undan Stólpa geta komið hyrndir gripir.

Stólpi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Fáni 11017 frá Dalbæ í Hrunamannahreppi.

F: Flói 02029, m: Pöntun 121, mf: Kubbur 97030

Mikil afurðageta einkennir dætur Fána þar sem mjólkurlagni og há efnahlutföll fara saman. Þetta eru stórar og háfættar kýr með góða boldýpt, ágætar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru vel gerðar, breiðar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaðan er eilítið hokin og náin. Júgurgerð er arfaslök, júgurfasta mjög lítil, júgurband illgreinanlegt eða nánast ekkert og júgurdýpt mikil. Spenagerðin er aftur á móti góð, þeir hæfilega stuttir og grannir auk þess að vera prýðilega settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er í meðallagi og þær koma þokkalega út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Fána er tvílitur þar sem huppóttum og skjöldóttum litum bregður oftast fyrir en af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Fáni gefi hyrnda gripi.

Fáni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Otur 11021 frá Helgavatni í Þverárhlíð.

F: Ás 02048, m: Spuna 444, mf: Prasi 98052

Afurðageta dætra Oturs liggur nærri meðallagi bæði hvað snertir magn og efnahlutföll. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt og útlögur og yfirlínan er nokkuð bein. Malirnar eru vel gerðar, breiðar, beinar og harla flatar. Fótstaðan er sterkleg og gleið. Júgurgerð er slök, festu ábótavant, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenarnir eru langir, hæfilega þykkir en utarlega settir. Mjaltir eru um meðallag og lítið um galla í mjöltum. Skapið er nokkuð mikið og aðeins um skapgallaða gripi enda skorar Otur lágt í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Oturs er tvílitur og mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum koma rauðir og kolóttir litir oftast fyrir en allir litir finnast. Ekki er þekkt að Otur gefi hyrnd afkvæmi.

Otur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Vatnar 11022 frá Vatnsenda í Eyjafirði.

F: Flói 02029, m: Drottning 355, mf: Skandall 03034

Dætur Vatnars eru meðalkýr hvað mjólkurafköst snertir, fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall nokkru lægra. Þetta eru meðalstórar kýr og nokkuð háfættar en bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malir eru grannar, hallandi og flatar. Fótstaðan er þröng. Júgurgerð er meðalgóð, júgurband fremur ógeinilegt en júgrin eru ágætlega borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt en of utarlega settir. Mjaltir eru slakar og lítið ber á mjaltagöllum. Skapið er nokkuð mikið og aðeins um skapgallaða gripi. Í gæðaröðun liggja dætur Vatnars undir meðallagi. Nærri lætur að tveir þriðju hlutar afkvæmanna séu tvílitir og algengast er að sjá huppótta eða skjöldótta liti. Af grunnlitum eru rauðir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Vatnar gefi hyrnd afkvæmi.

Vatnar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Skalli 11023 frá Steinnýjarstöðum á Skaga.

F: Gyllir 03007, m: Góð 255, mf: Fontur 98027

Dætur Skalla eru ákaflega mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar og nokkuð hallandi. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin en júgurband í meðallagi sterkt. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir, fremur stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er úrvalsgott hjá þessum kúm. Meirihluti afkvæma Skalla eru einlit þar sem rauðir litir eru algengastir en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Af tvílitum er skjöldóttur algengastur. Undan Skalla geta komið hyrndir gripir.

Skalli verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Trosi 11026 frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal.

F: Sírius 02032, m: Súla 934, mf: Rosi 97037

Dætur Trosa eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir og á það bæði við um magn og hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr með góða boldýpt og útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru vel gerðar, breiðar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaðan er gleið og sterkleg. Júgurgerðin er undir meðallagi og vantar nokkuð á festu og júgurband þó júgrin sé þokkalega borin. Spenar eru vel gerðir og hæfilegir að lengd og þykkt en alltof utarlega settir. Mjaltir eru meðalgóðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er afbragðsgott en þessar kýr liggja um meðallag í gæðaröðun. Ríflega þriðjungur afkvæma Trosa er tvílitur þar sem huppóttur kemur oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Undan Trosa geta komið hyrndir gripir.

Trosi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Djass 11029 frá Hnjúki í Vatnsdal.

F: Sírius 02032, m: Heiðbrá 140, mf: Soldán 95010

Afkastageta dætra Djass er neðan meðallag og efnahlutföll í mjólk nálægt meðaltali. Þetta eru stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt, góðar útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er góð, sterkleg og gleið. Júgurgerð er prýðileg, meðalgóð festa og júgrin vel borin en júgurband lítt áberandi. Spenar eru eilítið stuttir og þykkir og alltof utarlega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið um galla í mjöltum. Skapið er mjög gott en röðun kúnna í gæðaröð neðan meðallag. Mikill meirihluti afkvæma Djass er tvílitur og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir litir nema gráir koma fyrir. Undan Djass geta komið hyrndir gripir.

Djass verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Stormur 11031 frá Gerðum í Flóa.

F: Flói 02029, m: Gola 366, mf: Stígur 97010

Dætur Storms eru ákaflega mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall í mjólk er vel umfram meðallag en próteinhlutfall liggur þar nærri. Þetta eru nokkuð stórar kýr, fremur háfættar með mikla boldýpt, meðalútlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og aðeins þaklaga. Fótstaðan er bein og sterkleg en heldur þröng. Júgurgerðin er slök, festa lítil og júgurdýpt mikil þó svo júgurband sé nokkuð áberandi. Spenarnir eru fremur stuttir, nokkuð þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skapið er ríkulegt og röðun í gæðaröð ber keim af því. Vel ríflega helmingur

afkvæma Storms er tvílitur og ber þar mest á huppóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Stormi geta komið hyrndir gripir.

Stormur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Gormur 11038 frá Hundastapa í Borgarbyggð.

F: Glæðir 02001, m: Móna 236, mf: Flói 02029

Afurðageta dætra Gorms liggur nærri meðallagi. Fituhlutfall í mjólk er meðalhátt en próteinhlutfall nokkru lægra. Þetta eru meðalstórar kýr, nokkuð háfættar en bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaðan er bein og sterkleg en þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, festa í meðallagi, júgurband allgreinilegt og júgurdýpt nokkuð mikil. Spenar eru hæfilega langir, þykkir og ágætlega settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en ekki ber mikið á mjaltagöllum. Skapið er meðalgott og röðun í gæðaröð um meðallag. Nálægt tveim þriðju hlutum afkvæma Gorms bera tvílit þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Gormur gefi hyrnd afkvæmi.

Gormur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Vindur 11041 frá Sólheimum í Sæmundarhlíð.

F: Ás 02048, m: Vinda 314, mf: Vindill 05028

Dætur Vinds eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk liggja neðan meðallag. Þetta eru meðalstórar kýr, meðalháfættar með góða boldýpt, fremur litlar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malir eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er góð og nokkuð gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, meðalfesta, júgurband þokkalegt og júgurdýpt nærri meðallagi. Spenar eru hæfilega langir, örlítið grannir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um galla í mjöltum. Skapið er fremur mikið og þessar kýr raðast neðan meðaltal í gæðaröð. Rúmlega þriðji partur afkvæma Vinds er tvílitur og kemur huppóttur oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Vindi geta komið hyrndir gripir.

Vindur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Laxi 11050 frá Laxamýri 2 í Reykjahverfi.

F: Síríus 02032, m: Safíra 206, mf: Laski 00010

Dætur Laxa eru stórar og mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall nokkru lægra. Þetta eru háfættar, boldjúpar og útlögumiklar kýr með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð og júgrin ákaflega vel borin, júgurfesta í meðallagi en júgurband fremur lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt en of gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og lítið er um galla í mjöltum. Þá er skap þessara kúa gott. Um helmingur afkvæma Laxa er einlitur þar sem rauðir og kolóttir litir eru algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur mest áberandi. Undan Laxa geta komið hyrndir gripir.

Laxi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Roði 11051 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi.

F: Ári 04043, m: Kola 522, mf: Koli 06003

Dætur Roða eru mjög mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru frekar lág. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á júgurfestu og þau eru meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, aðeins í lengri kantinum en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru um eða yfir meðallag og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm. Meirihluti afkvæma Roða er tvílitur þar sem mest er um huppóttan og skjöldóttan. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Roða geta komið hyrnd afkvæmi.

Roði verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Skellur 11054 frá Lágafelli í Landeyjum.

F: Ári 04043, m: Mía 214, mf: Ás 02048

Dætur Skells eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldjúpar með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, aðeins hallandi en fremur flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Meirihluti afkvæma Skells er tvílitur og ber þar mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir langmest áberandi þó allir grunnlitir komi fyrir. Ekki er þekkt að Skellur gefi hyrnd afkvæmi.

Skellur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Ottó 11058 frá Tjörn á Skaga.

F: Tópas 03027, m: Glóð 079, mf: Glæðir 02001

Dætur Ottós eru mjólkurlagnar með gott fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall nokkru lægra en meðaltal. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr með góða boldýpt en ákaflega litlar útlögur og veika yfirlínu. Malabygging er slök, malirnar grannar, hallandi og mjög þaklaga. Fótstaðan er bein en ákaflega þröng. Júgurgerð er frekar slök, skortir á festu, júgurband ekki mjög áberandi og júgurdýpt allnokkur. Spenar eru hæfilega langir, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skapið er meðalgott og þessar kýr raðast á meðaltal í gæðaröðun. Ríflega tveir þriðju hlutar afkvæmanna eru tvílitir og ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi en allir litir nema graír koma fyrir. Undan Ottó geta komið hyrndir gripir.

Ottó verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kóngur 11059 frá Seljavöllum í Hornafirði.

F: Gyllir 03007, m: Kóróna 374, mf: Laski 00010

Dætur Kóngrs eru mjög mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk nokkru neðan meðallag en próteinhlutfall þar um. Þetta eru fremur smáar kýr með góða boldýpt og útlögur en veika yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, nokkuð beinar en mjög þaklaga. Fótstaðan er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er fremur

slök, festa minni en meðallag, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt nokkuð mikil. Spenar eru eilítið langir, þykkir og fremur gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið um mjaltagalla. Skapið er meðalgott og þessar kýr raðast um meðaltal í gæðaröðun. Ríflega tveir þriðju hlutar afkvæma Kóngs eru tvílitir og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kóngur gefi hyrnd afkvæmi.

Kóngur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Öxndal 11061 frá Steinsstöðum II í Öxnadal.

F: Ófeigur 02016, m: Padda 311, mf: Þollur 99008

Dætur Öxndals eru meðalkýr hvað mjólkurafköst og fituhlutfall í mjólk varðar en próteinhlutfall er hns vegar mjög hátt. Þetta eru fremur smáar og meðalháfættar kýr með mikla boldýpt, góðar útlögur og beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er mjög góð, sterkleg og gleið. Þessar kýr státa af mjög góðri júgurgerð með mikilli festu, sérlega sterku og greinilegu júgarbandi auk þess sem júgrin eru vel borin. Spenar eru hæfilega langir, grannir og vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar en aðeins ber á seinum mjöltum. Skapið er slæmt og röðun í gæðaröð ber keim af því. Um tveir þriðju afkvæmanna bera tvílit og er huppóttur algengastur lita. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Öxndal gefi hyrnd afkvæmi.

Öxndal verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Sær 11063 frá Naustum í Eyrarsveit.

F: Stássi 04024, m: Hosa 248, mf: Taktur 06046

Dætur Sæs eru mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru fremur lág. Þetta eru stórar kýr með góða boldýpt og miklar útlögur en veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar beinar og aðeins þaklaga. Fótstaðan er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, mikil festa, greinilegt júgurband og júgrin vel borin. Spenarnir eru aðeins langir og grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru mjög góðar og lítið ber á mjaltagöllum. Skapið er frekar stirt og röðun í gæðaröð neðan meðallag. Nálægt þrem fjórðu hlutum afkvæma Sæs eru tvílitir og eru huppóttur og skjöldóttur litir mest áberandi. Af grunnlitum er svartur litur algengastur en allir litir koma fyrir. Undan Sæ geta komið hyrndir gripir.

Sær verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Öllari 11066 frá Ölkeldu 2 í Staðarsveit.

F: Ófeigur 02016, m: Jana 432, mf: Stígur 97010

Dætur Öllara eru mjög mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein og sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, vel settir en grannir. Mjaltir og skap þessara kúa eru í meðallagi og koma seinar mjaltir aðeins fyrir. Allmikill meirihluti afkvæma Öllara er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum koma rauðir litir langoftast fyrir þó allir litir nema gráir finnast. Ekki er þekkt að Öllari gefi hyrnd afkvæmi.

Öllari verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Tandri 11068 frá Dalbæ í Flóa.

F: Ári 04043, m: Teygja 362, mf: Ás 02048

Afurðageta dætra Tandra er fremur slök þar bæði mjólkurmagn og hlutfall verðefna í mjólk liggur allnokkuð undir meðallagi. Þetta er fremur stórar og háfættar kýr með góða boldýpt, meðalútlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er eilítið þröng en sterkleg. Júgurgerð er góð þar sem festa er mikil og júgrin vel borin en júgurband hins vegar ógreinilegt. Spenarnir eru hæfilega langir, aðeins þykkir en vel settir. Mjaltir eru um meðallag og lítið um galla í mjöltum. Skapið er meðalgott en þessar kýr koma illa út í gæðaröðun. Um helmingur afkvæmanna er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Undan Tandra geta komið hyrndir gripir.

Tandri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bryti 11070 frá Akurey 2 í Landeyjum.

F: Gyllir 03007, m: Búbót 580, mf: Stígur 97010

Dætur Bryta eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og veik. Júgurgerðin er góð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, mjög vel settir en frekar grannir. Mjaltir þessara kúa eru úrvalsgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi. Meirihluti afkvæma Bryta er einlitur og koma rauðir litir oftast fyrir en allir nema gráir finnast. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Ekki er þekkt að Bryti gefi hyrnd afkvæmi.

Bryti verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Kjarni 11079 frá Seljatungu í Flóa.

F: Ófeigur 02016, m: Sería 313, mf: Laski 00010

Dætur kjarna eru í meðallagi mjólkurlagnar og er fituhlutfall í mjólk fremur lágt en próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru rífelga meðalkýr að stærð, háfættar með mikla boldýpt, góðar útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er góð og gleið. Júgurgerð er í tæpu meðallagi og skortir á festu, júgurbandið er allgreinilegt en júgurdýpt fullmikil. Spenar eru hæfilega langir og þykkir en of gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er fullmikið og röðun í gæðaröð nærri meðallagi. Mikill meirihluti afkvæma Kjarna er einlitur og ber þar mest á rauðum litum þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur ráðandi. Ekki er þekkt að Kjarni gefi hyrnd afkvæmi.

Kjarni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.